Fundargerð
Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
miðvikudaginn 15. desember 2021, kl. 15.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættar; Árný Huld Haraldsdóttir formaður, Ólafía Sigurvinsdóttir og Agnieszka A. M. Kowalczyk í forföllum Vilbergs Þráinssonar. Einnig sátu fundinn Anna Ingadóttir skólastjóri grunnskóla- og tónlistadeildar, Kristrún Birgisdóttir skólastjóri Ásgarðs skóla í skýjunum, Íris Ósk Sigþórsdóttir deildarstjóri í Reykhólaskóla leikskóladeild, Svanborg Guðbjörnsdóttir fulltrúi kennara í Reykhólaskóla, Katla Tryggvadóttir fh. foreldrafélags Reykhólaskóla og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi boðaði forföll

Fundargerðin er rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

## Dagskrá:

<u>Mál til afgreiðslu:</u>

1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 17. nóvember 2021.

   *Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

2. Umsókn um nám í Ásgarði,. nám utan lögheimilissveitarfélags, þrjár umsóknir.
   Umsóknir lagðar fram og eru samþykktar samhljóða.

   *Nefndin samþykkir framlagðar umsóknir samhljóða. Farið verði eftir viðmiðunargjaldskrá Samband íslenskra sveitarfélaga. Samþykkt samhljóða.*

   Kristrún fór með nefndinni yfir málefni og ráðningu starfsfólks til Skóla í skýjunum. Ester Ösp Valdimarsdóttir hefur verið ráðin skólastjóri skólans.

3. Umsókn um nám í leikskóla, nám utan lögheimilissveitarfélags.
   Umsókn lögð fram.

   *Nefndin samþykkir umsóknina samhljóða. Farið verði eftir viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samþykkt samhljóða.*

4. Skólabifreiðar, áhrif reglugerðar um skoðun ökutækja.

   *Erindi frá Samgöngustofu dagsett 7. desember 2021 lagt fram til kynningar.*

<u>Önnur mál :</u>

5. Covid og tilkynning frá skólastjórnendum.

Rætt var um tilkynningu frá skóla og leikskóla er varðar veikindi og Covid og farið yfir erindi foreldris dagsett 15. desember 2021, varðandi tilkynninguna.

*Nefndin leggur til að fólk kynni sér tilmæli sóttvarnarlæknis á Covid.is*

Farið yfir fundargerðina og fundi slitið.